

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Grafarlækur – Stekkjarmóar – Djúpidalur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 18. desember 2020, breytingu á deiliskipulagi Grafarlækjar – Stekkjarmóa – Djúpadals. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit e3 í suðurátt til að rúma verkstæði og vélageymslu ásamt aukningu á byggingarmagni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Iðunnarbrunnur 6 og 8.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 24. mars 2021, breytingu á skilmálum deiliskipulags Úlfarsárdals vegna lóðanna nr. 6 og 8 við Iðunnarbrunn. Í breytingunni felst lagfæring á heimiluðu byggingarmagni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Gufunes, áfangi 1 – reitur C.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 24. mars 2021, breytingu á deiliskipulagi fyrir 1. áfanga í Gufunesi vegna kvikmyndahóps 1, reitur C. Í breytingunni felst skipting lóðarinnar í tvo hluta ásamt frekari skilgreiningum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 31. mars 2021.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 23. apríl 2021